

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, **37**
um sparisjóði, og öðlast þegar gildi.

21. marz

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. marz 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

38

22. marz

um viðauka við reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 10 frá 24. jan. 1936.

Aftan við 56. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skýlt er hverjum þeim, sem hefur með höndum viðgerðir og breytingar útvarpsviðtækja, að senda skrifstofu ríkisútvarpsins mánaðarlega skrá um slíkar viðgerðir og breytingar, þar sem greint sé fullt nafn og heimilisfang eiganda, tegund og verksmíðjunúmer viðtækis og hvenær viðtækið er tekið til viðgerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 68 28. desember 1934 til að öðlast gildi þegar í stað.

Í kennslumálaráðuneytinu, 22. marz 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

39

26. marz

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupún, nr. 42 7. marz 1939.

Gjöld samkvæmt 16. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtast frá 1. apríl 1944 og út það ár með 100% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1944.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.